

FRAMVÖTN



FOS.IS

Stutt lýsing vatna og staðhátta

Stuttar leiðbeiningar um vötnin sunnan Tungnaár á Landmannaafrétti.

© 2016 Kristján Friðriksson / Flugur og skröksögur

UMGENGNISREGLUR

- Vinsamlegast sleppið aldrei bleikju
- Hendið ekki innyflum og slógi í vötnin. Einnig er bannað að grafa slógið. Því skal komið fyrir í sérstökum ílátum sem eru við Landmannahelli.
- Hirðið allt rusl eftir ykkur svo sem girni, öngla og spúna.
- Gott væri ef þið sjáið eitthvað óeðlilegt, svo sem mikið magn af dauðum fiski í fjörunni eða fugla, að þið látið verði svæðisins vita sem allra fyrst.
- Alltaf á að skila veiðiskýrslum (bakhlið veiðileyfis) til varða eða setja hana í póstkassa sem er við gatnamót Dómadalsleiðar og afleggjara inn að Landmannahelli. Líka má skila skýrslum til veiðivarða við Landmannahelli.
- Akið ekki utan slóða og leggið á merktum bílastæðum við veiðivötnin.

Dreifing þessa bæklinga er öllum heimil sé þess gætt að uppruna og höfundar sé getið. Allt efnið er höfundar og er unnið upp úr áður birtu efni af vefnum Flugur og skröksögur <http://fos.is>

Framvötn

STUTT LÝSING VATNA OG STAÐHÁTTA

STAÐSETNING VATNANNA

Í um 170 km. fjarlægð frá Reykjavík er að finna einhvern fallegasta stað landsins, Landmannaafrétt. Vötnin sunnan Tungnaár hafa verið nefnd einu nafni Framvötn sem er skemmtileg nafngift með vísan til staðsetningar þeirra; sunnan Tungnaár. Vötnin í þessum klasa eru í umsjá Veiðifélags Landmannaafréttar og upplýsingar um þau má nálgast á heimasíðu Veiðivatna undir heitinu Vötn sunnan Tungnaár. Veiðileyfi má kaupa í Landmannahelli og gildir leyfið í 12 vötnum á svæðinu. Auk þess er félögum í Ármönnum heimil veiði gegn framvísun félagsskrteinis.



1 Hrafnabjargavatn – 2 Sauðleysuvatn – 3 Herbjarnarfellsvatn – 4 Laufdalsvatn (veiði ekki heimil) 5 Löðmundarvatn - 6 Lifrarfjallavatn – 7 Dómadalsvatn – 8 Eskihlíðarvatn – 9 Hnausapollur (Bláhylur) 10 Blautaver - 11 Ljótipollur – 12 Frostastaðavatn – 13 Kýlingavötn



VIÐ LANDMANNAHELLI

HRAFNABJARGAVATN

Hrafnabjargavatn er enn eitt dæmið um vatn sem hefur nærri dáið drottni sínum fyrir mannanna mistök. Fljótlega eftir að bleikju var sleppt í vatnið varð vatnið óveiðanlegt fyrir kóði og í augnablikinu er fátt sem bendir til þess að úr rætist. Annars er vatnið ekki mörgum kunnugt og allt of fáir leggja leið sína að því. Það er staðsett á sandflákunum austan Hrafnabjarga að Fjallabaki og tilheyrir Framvötnum. Vatnið er í 550 metra hæð og er 1,75 km² að flatarmáli.

Til að komast að vatninu er ekið rétt norðan Sauðleysu og áfram yfir ásinn til vesturs, niður á sandinn. Slóðinn er oft á tíðum nokkuð ógreinilegur þegar beygt hefur verið til norðurs og e.t.v. er einfaldast að beina mönnum á að aka með læknum sem þar rennur að öllu jöfnu þar til komið er að vatninu. Vegalengdin frá Sauðleysu er u.þ.b. 2,7 km og trúlega er best að vera á 4×4 ef maður vill komast óhultur til baka því barðið upp af söndunum að Sauðleysu er nokkuð bratt.

Sagnir herma að upp úr 2005 hafi menn dregið eitt og eitt kóð upp úr vatninu, lítið eftir það. Mér til furðu eru taldir 13 urriðar í skýrslum ársins 2014, allir rétt um pundið. Hverju það sætir veit ég ekki, en óskandi að rétt væri. Sjálfur reyndi ég fyrir mér í stutta stund í vatninu sumarið 2014 án árangurs. Kenni þar um foráttu norðanátt sem gerði fluguköstum erfitt fyrir. Til muna betur gekk sumarið 2015 og berlega kom þá í ljós ástand stofnsins í vatninu; kóð, og mikið af því. Bleikjan var næstum því á í hverju kasti, horuð og lítil.



HRAFNA Bjargavatn

SAUÐLEYSUVATN

Sauðleysuvatn er um 0,8 km² og er í 576 metra hæð. Vatnið er ógnar djúpt þar sem það er dýpst, 56 metrar. Þetta mikla dýpi hefur freistað marga veiðimanna til að halda að þarna geti stórar ránbleikjur hreiðrað um sig, en engar sögur hef ég samt heyrt af slíkum fiskum á land komið.

Þetta er eitt af bleikjuvötnunum sunnan Tungnaár sem illa gengur að halda í horfinu. Reynt hefur verið að grisja vatnið og vissulega hafa margir fiskar komið á land við slíkt, yfir 112 þúsund bleikjur, en það sér vart högg á vatni.

Að mínu mati er Sauðleysuvatn eitt fallegasta vatnið í Framvatna klasanum og synd og skömm hve bleikjan er orðin liðmörg í því og að sama skapi illa haldin, hausstór og horuð. Því miður er hér hægt að segja það saman og um mörg önnur vötn; bleikjusleppingar > gróska > ofsetið > óveiðanlegt.




HERBJARNARFELLSVATN

Herbjarnarfellsvatn er skammt vestan Landmannahellis og er vel fært að vatninu fyrir alla þokkalega vel búna bíla. Vatnið er í 625 metra hæð í fallegri skál undir Herbjarnarfelli og áætlað hefur verið að það sé um 1 km² að flatarmáli.

Aldrei hefur farið miklum sögum af aflabrögðum í þessu vatni, en þar með er alls ekki sagt að þar megi ekki gera góða veiði. Eingöngu er urriði í vatninu, væntanlega afkomendur fiska sem sleppt var í vatnið árið 1967. Flestir fiskar sem komið hafa á land hin síðari ár hafa verið rétt um pundið, en innan um hafa eflaust leynst stærri fiskar. Sögur hafa gengið af stórum fiski þar á sveimi, en sjálfur hef ég aðeins sótt þangað fisk af staðlaðri punds stærð. Ég þekki aftur á móti vel til veiðikonu sem fékk svo öfluga töku í vatninu að hún skaut henni verulegum skelk í bringu og víst var að þar var stærri fiskur á ferð. Því miður náðist umræddur töku-urriði ekki á land þessu til sönnunar.

Með hliðsjón af staðsetningu, nálægð við tjaldsvæðið við Landmannahelli og því að þarna er fisks að vænta, þori ég alveg að mæla með því að menn prófi þetta vatn, því hefur ekki verið ofgert hin síðari ár, hverju sem það nú sætir.



LAUFDALSVATN

Eitt þeirra vatna sem talist hefur til Framvatna er Laufdalsvatn. Vatnið liggur rétt norðaustan Laufdals, norðan Löðmundar. Aðkoman að vatninu er frá Dyngjuleið, nokkru vestan við Drekgil, þ.e. sé komið frá gatnamótunum við F208 undir Eskihlíðarhnausum. Vatnið sést ekki frá Dyngjuleið og er nokkur gangur að því þaðan sem slóðanum lýkur. Það er 0,9 km² og liggur í um 540 metra hæð.

Þetta vatn, rétt eins og önnur á svæðinu var nýtt í nokkurn tíma eftir að fiski var sleppt í það, en nú hefur bleikjan orðið helst til liðmörg og því hefur stofninn liðið verulegan skort hin síðari ár.


Síðustu fregnir herma að veiði sé ekki heimil í vatninu, þannig að rétt er að spyrjast fyrir um það hjá veiðivörðum fyrirfram.



LÖÐMUNDARVATN

Tæpur km2 að stærð á fallegum og gróðursælum stað, rétt austan Landmannahellis. Vatnið er í 590 metra hæð og nýtur skjóls af Löðmundi sem gnæfir yfir því í norðri. Ásarnir vestan og austan við vatnið leggja sitt að mörkum til að skýla veiðimönnum fyrir golu úr þeim áttum þannig að oft er veðursælt við vatnið. Akfært er að því að vestan, alveg inn að botni þess undir Löðmundi.

Í vatninu er nær eingöngu bleikja, oft frekar smá en hefur verið að koma til hin síðari ár. Þessu vatni eins og öðrum á svæðinu hættir til að vera ofsetið bleikju og nokkrar tilraunir hafa verið gerðar til að grisja það með misjöfnum árangri. Reynt hefur verið að sleppa urriðaseiðum í það og fyrir kemur að einn og einn slíkur slæðist á land en urriðinn hefur átt afar erfitt í samkeppninni við bleikjuna. 2014 voru færðir til bókar 3 urriðar á móti 97 bleikjum.





LIFRARFJALLAVATN

LIFRARFJALLAVATN

Lifrarfjallavatn er um 0,75 km² og í 596 metra hæð skammt vestan Dómadalsvatns að Fjallabaki. Ekki er akfært að vatninu en það er aðeins 15-20 mín. gangur að því frá bílastæðinu við Dómadalsvatn.

Í vatnið hefur verið sleppt urriða í nokkur skipti en mér er ókunnugt um hvenær það var síðast gert. Veði hefur alltaf verið heldur treg en sá fiskur sem komið hefur á land er mjög fallegur, bjartur og sterkur. Aðeins voru fjórir fiskar skráðir á land sumarið 2014 og þar af á undirritaður helminginn og veiðifélagi minn einn til viðbótar.




DÓMADALSVATN

Dómadalsvatn liggur nyrst í Dómadal að Fjallabaki. Vatnið tilheyrir s.k. Framvötnum og er í 566 metra hæð, fallegt vatn sem er rétt innan við 0,1 km² að stærð. Ekið er að vatninu út frá Dómadalsleið þar sem vegurinn liggur að og yfir Dómadalsháls. Akfært er inn að vatninu þar sem gott bílastæði er til staðar. Upp frá bílastæðinu liggur gönguleið að Lifrafjallavatni, um 20 mín. gangur.

Dómadalsvatn er eitt fárra vatna á svæðinu sem vel sýnilegt aðrennsli liggur að þar sem sprækur lækurinn við rætur Dómadalsháls skoppar yfir F225, vel fólksbílafært vað sem sumir vanmeta þó þannig að jafnvel 4×4 bílar hafa hikstað sé of greitt ekið yfir það.

Við fyrstu sýn má halda að vatnið sé allt frekar grunnt en svo er ekki því mesta dýpi þess er vel yfir 15 metrar þegar út í skálina er komið. Að vísu er aðgrunnt að sunnan, en vel má gera góða veiði þar síðla dags þegar urriðinn leitar upp á grynningarnar. Oft má sjá veiðimenn undir hlíðinni að austan, þaðan sem stutt er í dýpið sem og í suð-vestur horni þess. Í vatninu hefur nær eingöngu veiðst urriði hin síðari ári, en á árum áður var sleppt í það bleikjuseiðum og lá við að það yrði ofsetið, svo mikið fjölgaði hún sér úr hófi. Urriðinn í vatninu getur orðið rígvænn og hafa menn sett þar í 5 punda fiska en algengasta stærð er á bilinu 1,5 – 2 pund. Fallegur fiskur og ljóngrimmur að eiga við.





ESKIHLÍÐARVATN

Eskihlíðarvatn er 1,5 km² og er í 533 metra hæð. Mesta mældi dýpi þess er 27 metrar. Á árum áður höfðu útgerðir og veiðiverðir við Framvötn aðsetur við suðurenda þess. Var þá ekið að vatninu frá Dómadal en langt er um liðið frá því þeirri leið var lokað og eru menn beðnir að sýna þeirri lokun skilning enda slóðinn víða ófær með öllu.

Tveir akvegir eru að vatninu í dag, annar frá F208 og meðfram Hnausum að vatninu sunnanverðu. Hin slóðinn er nokkru norðar á F208 þar sem vegurinn liggur undir Eskihlíðarhnausum, skammt austan gagnamóta inn að Drekaáli.

Vatnið hefur nú um nokkuð langt skeið verið ofsetið bleikju og fyrir nokkrum árum var afráðið að láta af tilraunum til grisjunar og sjá til hverju fram vindi. Sjálfur hef ég ekki veitt í vatninu og er því ekki dómbær um bestu staðina í því, eflaust hægt að bera niður hvar sem er og setja í fisk. Árið 2008 eru skráðir 11 fiskar úr vatninu, 2014 voru þeir 14, mjög smáir.



HNAUSAPOLLUR (BLÁHYLUR)

Eitt þeirra vatna á Íslandi sem ber tvenn nöfn; Hnausapollur og Bláhylur. Vatnið er eitt Framvatna, er í 570 metra hæð og er ekki nema 0,3 km² að flatarmáli. Vatnið er í gíg utan í Tjörvafelli, rétt norðan Frostastaðavatns. Vatninu svipar nokkuð til nágranna síns, Ljótapolls, en aðkoma og hæð frá gígbarmi niður að vatni er töluvert minni.

Eftir þeim upplýsingum sem mér hefur tekið að fá staðfestar, var bleikjuseiðum sleppt í vatnið upp úr 1960 og því fór sem fór, vatnið varð ofsetið á skömmum tíma.

Fáir hafa reynt fyrir sér í vatninu hin síðari ár, aðeins einn fiskur skráður úr því árið 2013, annars ekkert.



BLAUTAVER

Blautaver er í 564 metra hæð, telst vera 0,3 km² og er staðsett rétt norðan Ljótapolls. Vatnið er eitt vatnanna sunnan Tungnaár á Landmannaafretti, Framvatna. Vatnið hefur samgang við Tungnaá og getur því verið nokkuð litað ef hátt stendur í ánni. Tveir akvegir eru að vatninu, annar frá Ljótapolli en auðfarnari leið er út frá veginum upp að Ljótapolli áður en lagt er á brattan upp að gígunum.

Í vatninu er bæði urriði og bleikja og hafa einhverjir veiðimenn gert ágætis veiði þarna, en undirritaður er ekki í þeim hópi, aðeins tittir hlupu á snærið hjá mér.

Annars eru skráðir 64 fiskar upp úr verunum sumarið 2014 sem skiptust nokkuð jafnt á milli tegunda. Almennt má segja að best veiðist við vatnið vestan- og sunnanvert því heldur er vatnið grunnt að norðan. Sjálfur hef ég ekki reynt fyrir mér að austan í vatninu og hef ekkert heyrt af veiði þar en það þarf alls ekkert að þýða að þar veiðist ekki.



LJÓTIPOLLUR

Ljótípollur er í nokkrum samliggjandi gígum norðaustan við Frostastaðavatn. Vatnið er rétt um 0,5 km² og víðast yfir 10m djúpt. Lengi verið talið eitt besta veiðivatnið innan Framvatna en sumum þykir vatnið of dyntótt. Í vatninu er eingöngu urriði sem hefur hin síðari ár orðið nokkuð liðfærri, stærstur um 5 pund en algengt er að fiskur sé hálft annað pund. Nokkur spotti er niður að vatninu frá gígbarminum, víðast um 70 metrar þar sem greiðfært er.

Veiði hefur verið nokkuð misjöfn í vatninu, vísast eftir því hve langt hefur liðið frá sleppingum og dagsformi veiðimanna. Hef ég heyrt af mönnum sem barið hafa vatnið svo klukkustundum skiptir án þess að verða varir og svo öðrum sem koma þar skömmu síðar og gera góða veiði á skömmum tíma.





FROSTASTAÐAVATN

Frostastaðavatn er almennt talið annað tveggja bestu vatna sunnan Tungnaár. Í því hefur lengi verið urriði og bleikja en hin síðari ár hefur urriðinn látið undan síga fyrir bleikjunni og hefur henni fjölgað ótæpilega hin síðari ár með þeim afleiðingum að meðalvigt hefur lækkað töluvert. Engu að síður er hægt að setja í mjög góðan fisk innanum smælkið. Vatnið er í 572 metra hæð og hefur verið mælt 2,3 km²

Aðkoma að vatninu er góð, bæði að norðan (F225) og austan (F208) þar sem merkt bílastæði eru fyrir veiðimenn og aðra gesti. Dreifing fiskjar í vatninu er nokkuð jöfn, en vinsælustu veiðistaðirnir eru að norðan framundan og rétt austan bílstæðisins. Þótt þar veiðist oft meira af smælki, þá er hægt að setja þar í mjög stórar bleikjur þegar kvölda tekur. Austan vatnsins er vinsælt að veiða frá bílstæðinu og inn að botni að sunnan. Ræður þar e.t.v. mestu að þar er auðvelt aðgengi. Þeir sem nenna að leggja örlítla göngu á sig halda oft áfram inn í hraunið við suðurenda þess og gera góða veiðni fram undan hrauninu eða í vikum sem þar leynast.

Hér eins og annars staðar í Framvötnum eru veiðimenn beðnir um að sleppa engri bleikju, grisjunar er þörf eins og í öðrum bleikju-vötnum Framvatna. Þessu til viðbótar langar mig sérstaklega að benda veiðimönnum á að taka með sér smælkið og setja í ruslið, fiskur á víðavangi er engum til gagns, hann fæðir aðeins varg, fljúgandi og ferfættan sem engum er til góðs.





1MALI FRÁ FROSTASTÖÐUM

KÝLINGAVÖTN

Austan Landmannalauga og Jökulgilskvíslar, við rætur Litla Kýlings, liggur Kýlingavatn í 577 metra hæð. Ef maður skyggnist síðan suður og austur fyrir fjallið flæmast þessi vötn um þetta einstaklega fallega svæði. Skilin á milli vatns og vatna eru ekki alltaf ljós og því hefur sú venja skapast að nefna þessi vötn einu nafni, Kýlingavötn.

Vötnin eru ofurseld valdi Tungnaár sem flæðir á stundum óheft um svæðið með tilheyrandi gruggi því samgangur getur orðið bæði austan og vestan Litla Kýlings þegar mikið er í ánni. Það er einmitt þessi samgangur við Tungnaá sem hefur væntanlega orðið til þess að fáir leggja leið sína á þessar slóðir til veiða nú orðið. Engin veiði hefur verið skráð úr vötnunum hin síðari ár og vötnin eru smátt og smátt að fyllast af framburði árinna og víðast eru þau orðin mjög grunn, að sögn. Sömu sagnir herma að oft hafi gert mjög góða veiði rétt eftir að áin hafi flæmst inn yfir svæðið.

Ég reyndi mig stuttlega við vötnin sumarið 2015, en varð ekki var við fisk. Er samt ekki búinn að gefast upp og á örugglega eftir að renna austur að vötnunum, þótt síðar verði. Fegurð þessa svæðis er næstum því nóg til að staldra þar við, þótt enginn sé fiskurinn.



Eins og sjá má er umhverfi Framvatna að miklu leiti markað eldsumbrotum og mörg vatnanna eru gígkötn sem hafa myndast á nokkrum aðgreindum gossprungum á svæðinu. Ljótípollur á t.d. það sammerkt með nágrannavötnunum í norðaustri að hafa orðið til við gríðarleg eldsumbrot árið 1477, Veiðivatnagösinu.

Einn af næstu nágrönnum Ljótapolls, Hnausapollur varð aftur á móti til árið 871 við mikið gos, kennt við Vatnaöldur.

Önnur kötn á svæðinu hafa orðið til á löngu tímabili allt frá lokum síðustu Ísaldar, eins og t.d. Löðmundarvatn sem stendur undir einu tignarlegasta fjalli svæðisins, möbergsfjallinu Löðmundi sem varð til á síðasta kuldaskiði Ísaldar.

Heimsókn veiðimanns nú á dögum er því aðeins augnablik í sögu þessa svæðis og því sjálfsagt að stíga létt til jarðar og umgangast svæðið af auðmýkt fyrir mikilfengleik þess.

Öll framangreindra vatna eiga það sammerkt að vera innan Friðlands að Fjallabaki sem stofnað var árið 1979. Núverandi friðland er 47 þúsund hektarar og er allt í 500 metra hæð yfir sjó. Gróður og náttúra í heild sinni er afar viðkvæm á þessum slóðum og því er veiðimönnum bent á að hlífa hvoru tveggja eins og kostur er, ganga vel um og gæta vel að því að taka með sér allt rusl og koma fyrir í gámum t.d. við Landmannahelli.

Það er mín reynsla að heimsókn á svæðið skilur alltaf eftir sig ánægjulegar minningar og því sjálfsagt að launa fyrir sig með snyrtilegri umgengni og virðingu fyrir náttúrunni.

Reykjavík, 2016

Kristján Friðriksson / Flugur og skröksögur <http://fos.is>